



Áætlun fyrir aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum Stöðutaka

Útgefandi:

Áætlun fyrir aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum. Stöðutaka

30. júní 2025

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2025 Stjórnarráð Íslands

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
1. Inngangur	6
2. Yfirlit yfir stöðu aðgerða	7
3. Lykilniðurstöður	10
3.1 Íslenska æskulýðsrannsóknin/mælaborð farsældar barna.....	10
3.2 Gögn barnaverndarþjónustu.....	13
3.3 Gögn lögreglu (LÖKE)	17
3.3.1 Flokkun eftir tegund brota og alvarleika	19
3.3.2 Ítrekunartíðni og áhættuhópar	20
3.3.3 Aldur, kyn og bakgrunnur grunaðra.....	21
4. Helstu áskoranir og lærdómur.....	24
5. Lokaorð og næstu skref.....	25

Myndaskrá

Mynd 1. Öryggisupplifun barna eftir fjárhagsstöðu heimilis. Heimild: Mælaborð farsældar barna, ÍÆ 2024.	11
Mynd 2. Fjöldi ofbeldisbrota árin 2007-2024 þar sem barn (undir 18 ára) er grunað og brot á hverja 10 þúsund íbúa. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	18
Mynd 3. Fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 og hlutfall af íbúafjölda ungmenna á aldrinum 10-17 ára. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	19
Mynd 4. Fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 eftir tegund líkamsárásar. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	19
Mynd 5. Aldur og fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 í meiriháttar/stórfelldum líkamsárásum 2007-2023. Heimild: Ríkislögreglustjóri.	20
Mynd 6. Ítrekun ungmenna barna undir 18 ára í ofbeldisbrotum. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	21

Mynd 7. Aldur og fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 í meiriháttar/stórfelldum líkamsárásum 2007-2023. Heimild: Ríkislögreglustjóri.	22
Mynd 8. Hlutfallsleg skipting kyns barna sem eru grunuð um ofbeldisbrot á árunum 2007-2024. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	22
Mynd 9. Hlutfall barna skipting eftir ríkisfangi sem eru grunuð um ofbeldisbrot á árunum 2007-2024. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	23

Töfluskrá

Tafla 1 Yfirlit yfir aðgerðir, stöðu þeirra og ábyrgðaraðila	7
Tafla 2. „Síðastliðna 12 mánuði, hversu oft hefur þú lent í slagsmálum?“ Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem segjast hafa lent 2x eða oftar í slagsmálum. Gagnalind: ÍÆ/HBSC. Gagnasjá ÍÆ.....	12
Tafla 3. Tilkynningar til barnaverndarþjónustu um áhættuhegðun barna og undirflokkar 2022-2024. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.....	14
Tafla 4. Yfirlit yfir hversu oft er ákveðið að hefja könnun í máli barns sem er tilkynnt til barnaverndarþjónustu og hvort um sé að ræða nýja könnun 2022-2024. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.....	15
Tafla 5. Yfirlit yfir tilkynningar um að barn sé í yfirvofandi hættu 2022-2024. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.	16
Tafla 6. Ítrekunartíðni barna, fjöldi barna og hlutfall af heild. Heimild: Ríkislögreglustjóri.....	21

Útdráttur

Stöðutaka í júní 2025 sýnir að ofbeldi meðal og gegn börnum er áfram alvarlegt og brýnt samfélagslegt viðfangsefni.

Gögn lögreglu og barnaverndarþjónustu sýna fjölgun tilkynninga og hærri endurkomutíðni og að fleiri stúlkur og yngri börn koma við sögu í ofbeldisbrotum. Slíkt hefur leitt til mikils álags á barnaverndarkerfi þar sem sértæk úrræði og samhæfing milli kerfa hafa ekki haldið í við þessa þróun. Alvarlegt áfall á borð við brunann á Stuðlum, samhliða myglu á meðferðarheimili Barna- og fjölskyldustofu fyrir drengi og kynsegin einstaklinga hefur dregið enn frekar úr getu kerfisins til að bregðast við vandanum. Á sama tíma er samþætt þjónusta fyrir börn sem beita og/eða búa við ofbeldi enn ófullnægjandi.

Aðgerðir stjórnvalda eru hafnar og hafa áhrif þeirra komið fram í aukinni samfélagsumræðu og vitund starfsfólks sem starfar með börnum. Til þess að stuðla að varanlegum árangri þarf að halda áfram markvissri innleiðingu sértækra úrræða, efla skráningu og samræmingu gagna og tryggja þverfaglegt svæðisbundið samstarf. Aðgerðirnar verða að ná bæði til barna sem verða fyrir ofbeldi og til þeirra sem beita því.

1. Inngangur

Á undanförunum árum hafa áhyggjur af ofbeldi meðal barna og gegn börnum aukist í íslensku samfélagi, meðal annars vegna alvarlegra ofbeldisatvika, fjölgunar tilkynninga til barnaverndarþjónustu og breyttra birtingarmynda ofbeldis.

Ofbeldi meðal barna – þar sem bæði þolendur og gerendur eru börn undir 18 ára aldri hefur vakið sérstaka athygli, meðal annars vegna aukins vopnaburðar, hópslagsmála og dreifingar efnis um ofbeldi á samfélagsmiðlum.

Til að bregðast við þessum áskorunum samþykktu stjórnvöld heildstæða 25 aðgerða áætlun í september 2024, með áherslu á að draga úr ofbeldi, styrkja úrræði og samræma verklag milli kerfa. Aðgerðahópur með fulltrúum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga tók til starfa 4. september 2024 og ber ábyrgð á framkvæmd, samhæfingu og eftirfylgni með aðgerðunum. Hluti aðgerðanna var fjármagnaður í fjáráukalögum ársins 2024 og aðrir liðir með fjárlögum 2025.

Þessi stöðutaka veitir yfirlit yfir stöðu aðgerða í júní 2025 og er ætlað að leggja mat á fyrstu áhrif aðgerðanna og framvindu þeirra, með hliðsjón af þeim árangursmælikvörðum sem samþykktir hafa verið:

- Helstu árangursmælikvarðar barnaverndarþjónustu eru: Þróun tilkynninga um áhættuhegðun barna, ítrekunartíðni mála og biðlisti eftir úrræðum hjá Barna- og fjölskyldustofu.
- Helstu árangursmælikvarðar lögreglu eru: Tilkynningar um áhættuhegðun og ofbeldisbrot barna, ítrekunartíðni brota, afdrif mála í réttarvörslukerfinu og hlutfall vopnaútkalla sérsveitar og þar sem börn koma við sögu.
- Helstu árangursmælikvarðar heilbrigðisþjónustu eru: Tilkynningar frá heilbrigðiskerfi til barnaverndar vegna ofbeldisbrota barna þar sem börn eru þolendur og/eða gerendur ofbeldis og leita heilbrigðisþjónustu vegna þess á heilsugæslu eða á bráðamóttöku, alvarleiki tilkynninga úr heilbrigðiskerfi til barnaverndar (m.t.t. hvort mál fari í könnun eða ekki), koma barna í réttarlæknisfræðilega skoðun og þjónustuþörf á geðheilbrigðisþjónustu í kjölfar jákvæðrar skimunar fyrir ofbeldi í grunnskólum.
- Aðrir mælikvarðar: Einnig er gert ráð fyrir mælingum á tíðni ofbeldis og vopnaburðar í skólum, félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum og mælingum á reynslu og upplifun barna og þjónustuveitenda af þjónustu.

Stöðutakan að þessu sinni byggir á nýjustu gögnum frá lögreglu, barnaverndaryfirvöldum og mælaborði farsældar barna/Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) til að svara m.a. eftirfarandi spurningum:

1. Hver er staðan á innleiðingu aðgerða?
2. Hver er þróunin í tiltækum tölulegum gögnum?
3. Hvaða áskoranir hafa komið í ljós?
4. Hvaða lærdóm má draga af störfum aðgerðahópsins til dagsins í dag?

2. Yfirlit yfir stöðu aðgerða

Aðgerðahópurinn hefur fundað mánaðarlega frá hausti 2024 og haldið utan um framvindu aðgerða með aðkomu stýrihóps ráðuneyta. Öll verkefni hafa verið sett af stað og náð því markmiði að vera í undirbúningi eða komin til framkvæmda fyrir lok október 2024, í samræmi við tímaáætlanir. Í skýrslunni er greint frá núverandi stöðu aðgerðanna, en þær voru endurflokkaðar í júní 2025, eftir því hvort þær séu í undirbúningi/áætlanagerð, í framkvæmd/vinna hafin, innleiðing hafin eða aðgerð lokið.

Stöðuskýrsla eitt var birt í mars 2025 og verður stöðuskýrsla tvö birt í desember 2025. Stöðutaka með styttri umfjöllun og áherslu á tiltæk töluleg gögn um ofbeldi meðal og gegn börnum verða birtar í júní 2025, september 2025, mars 2026 og júní 2026. Lokaskýrsla með tillögum til úrbóta verður birt í desember 2026.

Tafla 1 Yfirlit yfir aðgerðir, stöðu þeirra og ábyrgðaraðila

Flokkur	Aðgerð	Staða	Ábyrgðaraðili
Samhæfing stofnana			
	Auka þverfaglega nálgun í ofbeldismálum meðal barna	Innleiðing hafin	MRN í samvinnu við DMR, HRN, aðgerðahóp, farsældarráð, svæðisskrifstofur íþróttahreyfingarinnar og svæðisbundin samráð lögreglu og heilbrigðisstofnanir
	Innleiða svæðisbundið samráð um allt land	í framkvæmd/vinna hafin	RLS, forvarnarfulltrúar lögregluembættanna
	Móta framtíðarsýn í heilbrigðisþjónustu við börn sem búa við ofbeldi - Ofbeldismóttaka á LSH	í undirbúningi/áætlanagerð	HRN í samvinnu við LSH. María Rut Beck verkefnastjóri á LSH leiðir
	Samhæfa aðgerðir gegn ofbeldi og móta stefnu til framtíðar	Innleiðing hafin	MRN í samvinnu við DMR, HRN, IRN og aðgerðahóp
	Samræma á landsvísu verklag við heilbrigðisþjónustu við réttarlæknisfræðilegar	Lokið	HRN, LSH – NMÍ í samvinnu við RLS og lögregluembættin

	skoðanir og sýnatökur þegar grunur er um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi		
	Skýra samskipti barnaverndar, lögreglu og heilbrigðisþjónustu um afdrif BV mála	í undirbúningi/áætlanagerð	HRN, MRN, heilbrigðisstofnanir, BOFS, barnverndarþjónustur
	Uppfæra og samræma verklag hjá öllum heilbrigðisstofnunum landsins í heilbrigðisþjónustu við börn sem eru þolendur ofbeldis	í undirbúningi/áætlanagerð	HRN. María Rut Beck leiðir vinnu ásamt gæðastjórum heilbrigðisstofnana
Sérhæfð úrræði fyrir ofbeldishegðun			
	Auka eftirfylgni vegna brota barna	Innleiðing hafin	Héraðssaksóknari, lögregluembættin
	Endurskoða meðferð mála og úrræði fyrir sakhaef börn sem beita ofbeldi	í undirbúningi/áætlanagerð	MRN í samstarfi við DMR, HRN, RLS, BOFS, og aðra hagaðila s.s. héraðssaksóknara, forvarnarfulltrúa lögregluembættanna, Fangelismálastofnun
	Koma upp verklagi fyrir ósakhæf börn og úrræðum fyrir börn sem beita alvarlegu ofbeldi	í undirbúningi/áætlanagerð	MRN í samstarfi við DMR, HRN, BOFS, RLS, SÍS og aðra hagaðila
Forvarnir og fræðsla			
	Alþjóðlegt samvinnuverkefni um sjálfbært samfélag	Innleiðing hafin	RVK- Suðurmiðstöð, MRN
	Koma á skimun fyrir ofbeldi í grunnskólum landsins	í undirbúningi/áætlanagerða	HRN, Gemba, skólahjúkrunarfræðingar hjá heilbrigðisstofnunum
	Samfélagsáttak. Efla fræðslu og forvarnir meðal barna og foreldra	í framkvæmd/vinna hafin	Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli

	Útbúa fræðsluefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk um rétt viðbrögð og verklag (forvörn)	Lokið	HRN, ÞÍH
	Útbúa leiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að bregðast við limlestingum á kynfærum barna (viðbragð)	Lokið	HRN, LSH
Meðferðarúrræði			
	Styðja við meðferðarúrræði BOFS	Innleiðing hafin	MRN, BOFS
	Auka stuðning við 1., 2. og 3. stigs þjónustu í öllum sveitarfélögum vegna farsældar	Innleiðing hafin	MRN, sveitarfélög
	Styðja við innleiðingu framkvæmdaáætlunarinnar í barnavernd 2023-2027	Innleiðing hafin	MRN, BOFS
Samfélagsleg úrræði			
	Auka viðbragð og sýnileika löggæslu	Í framkvæmd/vinna hafin	LRH, lögregluembætti
	Efla landsteymi MMS	Í framkvæmd/vinna hafin	MMS
	Efla samfélagslögreglu	Í framkvæmd/vinna hafin	Lögregluembættin
	Efla starfsemi Flotans, flakkandi félagsmiðstöð	Í framkvæmd/vinna hafin	RVK, nágrannasveitarfélög
	Efla ungmennastarf í Breiðholti	Innleiðing hafin	RVK
	Setja á fót úrræði fyrir ungmenni 16-17 (NEET)	Í undirbúningi/áætlanagerð	RLS, MMS, BOFS, Geðheilsumiðstöð barna
	Virkja foreldrastarf í ytra umhverfi barna – Saman hópurinn	Í framkvæmd/vinna hafin	Saman hópurinn

3. Lykilniðurstöður

Til að sporna gegn vaxandi ofbeldi meðal barna þarf að leggja áherslu á samhæfingu stofnana, sérhæfð úrræði fyrir ofbeldishegðun, forvarnir og fræðslu og eflingu meðferðar- og samfélagslegra úrræða. Stöðumat aðgerðahópsins á tölfraði úr gögnum mælaborðs farsældar barna/Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar, Barna- og fjölskyldustofu (BOFS), lögreglu leiðir í ljós að:

- Öryggistilfinning barna er almennt sterk, en dregst saman hjá þeim sem búa við erfiða fjárhagsstöðu eða eru með erlendan bakgrunn. Drengir upplifa sig öruggari en stúlkur.
- Einelti og slagsmál eru algengust meðal yngstu barnanna, með aukinni tíðni í 6. bekk á síðustu árum eftir tímabundna lækkun. Drengir og börn með erlendan bakgrunn eru líklegri til að lenda í slagsmálum og verða fyrir einelti.
- Tilkynningum til barnaverndar fjölga áfram, sérstaklega vegna áhættuhegðunar barna. Mikil aukning er í tilkynningum vegna vímuefnaneyslu barna og vegna ofbeldis sem börn beita sjálf.
- Endurteknar tilkynningar til bæði barnaverndarþjónustu og lögreglu eru sífellt stærri hluti heildarmála, sem gefur til kynna langvarandi og flókinn vanda sem kallar á samfellda og markvissa eftirfylgni.
- Ofbeldisbrotamálum barna sem skráð eru af lögreglu hefur fjölgað frá 2014 og fleiri yngri börn (10–12 ára) koma nú við sögu. Ítrekun brota hefur einnig aukist.

Drengir eru í miklum meirihluta gerenda í málum sem tilkynnt eru til lögreglu, en hlutfall stúlkna hefur hækkað og náð hæstu mælingu frá 2007. Börn með erlendan bakgrunn eru einnig oftar en áður skráð sem grunuð í brotum, í samræmi við breytta samsetningu þjóðarinnar.¹


3.1 Íslenska æskulýðsrannsóknin/mælaborð farsældar barna

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) hefur frá árinu 2021 verið framkvæmd af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

¹ „Innflytjendur á Íslandi voru 69.691 eða 18,2% mannfjöldans þann 1. janúar 2024. Innflytjendum hefur haldið áfram að fjölga en þeir voru 16,7% landsmanna (62.821) í fyrra. Frá árinu 2012 hefur hlutfallið farið úr 7,4% mannfjöldans upp í 18,2%. Innflytjendum af annarri kynslóð fjölgaði einnig á milli ára, voru 6.855 í byrjun árs 2023 en 7.351 á þessu ári. Samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 20,1% af mannfjöldanum og hafði það hlutfall aldrei verið hærra. Einstaklingum með erlendan bakgrunn, öðrum en innflytjendum, fjölgaði einnig lítillega á milli ára og voru 7,3% mannfjöldans.“ Heimild: Hagstofa Íslands (2024). Innflytjendur 18,2% íbúa landsins. Mannfjöldi 12. desember 2024. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-1-januar-2024/>

Könnunin nær árlega til nemenda í 4. til 10. bekk grunnskóla og annað hvert ár til nemenda í framhaldsskólum. Niðurstöðurnar nýstast meðal annars í mælaborði um farsæld barna, sem byggir á fimm grunnstöðum farsældar, þar á meðal öryggi og vernd og veita mikilvæga innsýn í upplifun barna á öryggi og ofbeldi. Önnur gögn koma frá BOFS, Útlendingastofnun, Hagstofu Íslands, Embætti landlæknis, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sjúkratryggingum Íslands.

Gögn ÍÆ sýna að almennt upplifi börn öryggi bæði á heimilum og í nærumhverfi sínu, en að þau börn sem búi við lakari efnahagsleg skilyrði upplifi minna öryggi. Þannig segjast 95% barna í 6.-10. bekk vera örugg á heimili sínu og 88% barnanna telja sig vera örugg í sínu hverfi eða sveitarfélagi. Ekki er spurt um þetta í framhaldsskólakönnun ÍÆ. Þegar niðurstöður um öryggi eru greindar eftir fjárhagsstöðu heimilis kemur fram að 90% barna sem búa við miðlungs fjárhagsstöðu sögðust vera örugg á heimili sínu og 79% í nærumhverfi sínu. Meðal þeirra sem telja sig búa við slæma fjárhagsstöðu voru samsvarandi hlutföll þeirra sem upplifðu sig örugg 76% á heimilum sínum og 67% í sínum hverfum eða sveitarfélögum. Drengir upplifa sig öruggari en stúlkur og börn með íslenskan bakgrunn upplifa sig öruggari en börn með erlendan bakgrunn.



Mynd 1. Öryggisupplifun barna eftir fjárhagsstöðu heimilis. Heimild: Mælaborð farsældar barna, ÍÆ 2024.

Í ÍÆ er jafnframt spurt um reynslu barna af slagsmálum og einelti. Samkvæmt tölum úr mælaborði farsældar hefur tæplega fimmtungur barna í 6.-10. bekk orðið fyrir einelti á síðustu 12 mánuðum.² Munur milli kynja er lítill, en börn af

² Mælaborð farsældar barna (e.d.) Öryggi og vernd. Íslenska æskulýðsrannsóknin. Spurning: Ef þú hugsar um x. bekk, hversu oft hefur þú verið verið lögð/lagður í einelti? Sótt af <https://www.farsaeldbarna.is/is/maelaborð-um-farsaeld-barna>

erlendum uppruna eru mun oftar lögð í einelti en börn af íslenskum uppruna samkvæmt könnuninni. Bæði einelti og slagsmál eru algengari meðal drengja og barna með erlendan bakgrunn og slagsmál virðast vera að aukast meðal barna á miðstigi grunnskóla. Samkvæmt tölum ÍÆ úr mælaborði farsældar hefur tæpur þriðjungur barna lent einu sinni eða oftar í slagsmálum síðustu 12 mánuði.³ Þegar litið er til fjárhagsstöðu fjölskyldna var lítill munur milli hópa. Kynjamunur var hins vegar talsverður þar sem tvöfalt fleiri drengir en stúlkur höfðu lent í slagsmálum á síðustu 12 mánuðum. Þá virðast slagsmál vera mun algengari meðal yngri barna en eldri þar sem yfir 40% barna í 6. bekk hafa lent í slagsmálum en tæp 20% í 10. bekk. Þá er algengara að yngri börn af erlendum uppruna lendi í slagsmálum, en í 10. bekk er nær enginn munur milli barna af íslenskum eða erlendum uppruna.⁴ Í framhaldsskólakönnun ÍÆ kom fram að 12% ungmenna hafi lent í slagsmálum einu sinni eða oftar og meira en helmingi líklegra var að um drengi væri að ræða en stúlkur og að þau væru af erlendum uppruna en íslenskum.⁵

Þróun niðurstaðna á grundvelli fyrirbyggjandi tölfræðigagna síðustu ára gefur einnig tilefni til athugunar. Í gagnasjá má sjá að almennt dregur úr slagsmálum eftir því sem börn verða eldri. Hlutfall barna sem hafa lent í slagsmálum tvisvar sinnum eða oftar hefur almennt lækkað frá árinu 2006, en þó má sjá að þessi þróun hefur stöðvast eða snúist við í yngri bekkjum síðustu ár. Í 6. bekk lækkaði hlutfallið úr 30% árið 2006 niður í 15% árið 2014, en hefur síðan hækkað aftur og var komið í 23% árið 2023. Í 8. og 10. bekk hefur hlutfallið haldist tiltölulega stöðugt frá árinu 2014 og mældist 15% í 8. bekk og 10% í 10. bekk árið 2023.⁶

Tafla 2. „Síðastliðna 12 mánuði, hversu oft hefur þú lent í slagsmálum?“
Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem segjast hafa lent 2x eða oftar í slagsmálum.
Gagnalind: ÍÆ/HBSC. Gagnasjá ÍÆ.

Ártal	2006	2010	2014	2018	2022	2023
Slagsmál	2x eða oftar					
6. bekkur	30%	22%	15%	23%	24%	23%
8. bekkur	21%	18%	13%	14%	14%	14%
10. bekkur	15%	10%	8%	9%	9%	10%

³ https://iae.is/wp-content/uploads/2024/11/IAEgrunnsk24_landskyrsla_loka.pdf

⁴ Mælaborð farsældar barna (e.d.) Öryggi og vernd. Íslenska æskulýðsrannsóknin. Sótt af <https://www.farsaeldbarna.is/is/maelaborð-um-farsaeld-barna>

⁵ <https://iae.is/wp-content/uploads/2025/03/frhskoli2023.pdf>

⁶ Íslenska æskulýðsrannsóknin (e.d.) Gagnasjá – vefforrit. „Síðastliðna 12 mánuði, hversu oft hefur þú lent í slagsmálum?“ Hlutfall barna í 6.-10. bekk sem segjast hafa lent 2x eða oftar í slagsmálum. Gagnalind: ÍÆ/HBSC. Sótt af <https://iae.is/vefforrit>

Aukning ofbeldis barna á miðstigi hefur haldið áfram og sýndu mælingar ÍÆ árið 2024 að yfir helmingur drengja í 6. bekk hafði lent í slagsmálum og sömuleiðis hafði yfir helmingur þeirra upplifað að vera laminn eða ráðist hafi verið á þá.⁷

Upplýsingar sem niðurstöður fyrirbyggjandi gagna gefa til kynna, undirstrika mikilvægi þess að horfa ekki aðeins til heildarniðurstaðna, heldur einnig til áhrifa félagslegra þátta eins og fjárhagsstöðu, kyns og uppruna þegar meta á öryggisupplifun og reynslu barna af ofbeldi.

3.2 Gögn barnaverndarþjónustu⁸

Tilkynningum til barnaverndarþjónustu fjölga, einkum vegna áhættuhegðunar barna. Þar fjölga mest tilkynningum vegna vímuefnaneyslu og ofbeldishegðunar. Endurteknum tilkynningum um sömu börn eða tilkynningum um sömu börn frá mismunandi aðilum er að fjölga. Það getur bent til þess að ekki sé verið að grípa nægjanlega snemma eða ákveðið inn í mál þessara barna.

Í nýjustu birtum tölum Barna- og fjölskyldustofu hefur tilkynningum til barnaverndarþjónustu sveitarfélaga fjölgað um tæp 10% á árinu 2024 samanborið við árið á undan. Á þessu tímabili bárust 16.751 tilkynning, en 15.240 árið 2023. Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu (40,7%), en 24,8% vegna gruns um ofbeldi gegn barni. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 33,7% og er það hærra hlutfall en á árunum 2022 og 2023.

Tilkynningum um áhættuhegðun barna fjölgaði um 14,5% samanborið við árið 2023, þar af tilkynningum um vímuefnaneyslu barna um tæp 60%. Fjölgun var hjá báðum kynjum. Þá fjölgaði tilkynningum um að barn komi sér undan forsjá um rúmlega 30% og varða þær tilkynningar oftast stúlkur en drengi.

Tilkynningum um börn sem beita sjálf ofbeldi fjölgaði um 21,9% miðað við árið á undan.

⁷ Íslenska æskulýðsrannsóknin (2024). Landsskhttps://iae.is/wp-content/uploads/2024/11/IAEgrunnsk24_landskyrsla_loka.pdf

⁸ Barna- og fjölskyldustofa safnar upplýsingum frá barnaverndarþjónustum sveitarfélaga um fjölda tilkynninga sem berast og fjölda umsókna um þjónustu stofnunarinnar. Tölur eru birtar og bornar saman miðað við þrjá, sex, níu og tólf mánuði ársins og síðustu tvö ár þar á undan. Tilkynningar eru flokkaðar eftir ástæðu tilkynninga, kyni, landsvæðum, tegund úrræða og hvort áður hafi verið tilkynnt. Notast er við skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd sem Barna- og fjölskyldustofa hefur umsjón með. Efnisflokkar tilkynninga eru vanræksla, ofbeldi, áhættuhegðun barns og heilsa eða líf ófæddis barns í hættu.

Tafla 3. Tilkynningar til barnaverndarþjónustu um áhættu hegðun barna og undirflokkar 2022-2024. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.

Áhættu hegðun barna, 2022 undirflokkar	2022		2023		2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættu hegðun barna	3.942		4.931		5.648	
Drengir	2.502	63,5	2.887	58,5	3.538	62,6
Stúlkur	1.440	36,5	2.044	41,5	2.110	37,4
Neysla barns á áfengi/vímuefnum	651		701		1.120	
Drengir	375	57,6	365	52,1	587	52,4
Stúlkur	276	42,4	336	47,9	533	47,6
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.260		1.636		1.520	
Drengir	587	46,6	733	44,8	751	49,4
Stúlkur	673	53,4	903	55,2	769	50,6
Barn kemur sér undan forsjá⁹			196		257	
Drengir			65	33,2	123	47,9
Stúlkur			131	66,8	134	52,1
Afbrot barns	772		976		1.054	
Drengir	592	76,7	709	72,6	798	75,7
Stúlkur	180	23,3	267	27,4	256	24,3
Barn beitir ofbeldi	952		1.072		1.307	
Drengir	798	83,8	847	79,0	1.080	82,6
Stúlkur	154	16,2	225	21,0	227	17,4

⁹ Hér er um nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu.

Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	397		489		523	
Drengir	214	53,9	237	48,5	281	53,7
Stúlkur	183	46,1	252	51,5	242	46,3

Gögnin benda til endurtekinna tilkynninga um sömu börn, þar sem hlutfall nýrra kannana í máli barns er að lækka úr 31,3% árið 2023 niður í 27,6% í 2024.

Tafla 4. Yfirlit yfir hversu oft er ákveðið að hefja könnun í máli barns sem er tilkynnt til barnaverndarþjónustu og hvort um sé að ræða nýja könnun 2022-2024. Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.

	2022		2023		2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið að hefja könnun	6.977	64,7	7.124	60,6	7.274	57,5
Drengir	3.658	52,4	3.639	51,1	3.779	52,0
Stúlkur	3.265	46,8	3.425	48,1	3.425	47,0
Stálp/ekki vitað	54	0,8	60	0,8	70	1,0
Þar af nýjar kannanir	3.572	33,1	3.681	31,3	3.499	27,6
Drengir	1.845	51,7	1.900	51,6	1.808	51,7
Stúlkur	1.697	47,5	1.742	47,3	1.647	47,1
Stálp/ekki vitað	30	0,8	39	1,1	44	1,2

Á þessu tímabili bárust 638 tilkynningar um að barn væri í yfirvofandi hættu, þar af 47,2% vegna drengja og 50,9% vegna stúlkna.¹⁰

¹⁰ Barna- og fjölskyldustofa (2025). Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta á árunum 2022 – 2024. Sótt af https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6sKRlr1X4pe8BnHGibXOJm/3ed2ca71ba6dec8bf879457a16f594b3/Samanbur%C3%83_ur_a%C3%8C__fjo%C3%8C_lda_tilkynninga_til_barnaverndar%C3%83_jo%C3%8C_nusta_a%C3%8C__a%C3%8C_runum_2022-2024.pdf

Tafla 5. Yfirlit yfir tilkynningar um að barn sé í yfirvofandi hættu 2022-2024.
Heimild: Barna- og fjölskyldustofa.

Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	2022		2023		2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
	806		833		905	
Drengir	402	49,9	456	54,7	431	47,6
Stúlkur	398	49,4	368	44,2	457	50,5
Stálp/ekki vitað	6	0,7	9	1,1	17	1,9

Samkvæmt samantekt BOFS í júní 2025 bíður nokkur fjöldi barna eftir vistun í sérhæfðum úrræðum. Ákvörðun stjórnvalda um að ekki komi til sumarlokana meðferðarúrræða BOFS árið 2025 er mikilvæg í ljósi þessarar stöðu. Helstu tölulegar niðurstöður um núverandi úrræði stofnunarinnar í júní 2025 eru:

• **MST (Fjölderfameðferð inni á heimilum barna)**

Það starfa þrjú MST teymi á vegum BOFS með samtals tólf MST meðferðaraðilum sem geta unnið samanlagt með 60 börn á hverjum tíma. Nú eru 23 börn á bið eftir að komast í MST meðferð. Af þessum 23 málum hafa níu verið samþykkt inn í meðferðina og munu þau komast að á næstu vikum. Mál sjö barna hafa verið metin inn í MST en hegðun þeirra hefur batnað að það miklu leyti að þau eru á bið í samráði við barnaverndarþjónustur. Sjö börn bíða þess að vera metin inn í MST.

• **Barnahús (Börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu og/eða líkamlegu ofbeldi)**

Í Barnahúsi fá u.þ.b. 70 – 100 börn þjónustu á hverjum tíma. Þar eru nú 24 börn á bið í flokki þeirra barna þar sem mál eru metin alvarleg. Það barn sem er búið að bíða lengst fór á biðlistann í febrúar 2025. Á bið í flokki ekki eins alvarlegra mála eru þrjú börn og það barn sem er búið að bíða lengst fór á biðlistann í mars 2025.

• **FM-HAM (Börn sem hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi t.d. heimilisofbeldi)**

6 börn eru á bið eftir meðferð og það barn sem er búið að bíða lengst fór á biðlistann 10. apríl 2025.

• **Stuðlar meðferðardeild**

Eitt barn bíður þess að komast að á meðferðardeild Stuðla og er innritun fyrirhuguð í byrjun ágúst. Á meðferðardeild Stuðla er pláss fyrir 4 börn.

- **Stuðlar neyðarvistun**

Á Stuðlum er pláss fyrir 4 – 6 börn á neyðarvistun. Alltaf er reynt að sjá til þess að þau börn sem á þurfa að halda komist að á neyðarvistun þegar óskað er eftir því. Eins og staðan er núna þá er hámarksdvalartími barna þar 7 dagar. Barnaverndarþjónustur fá þó aldrei neitun á beiðni um að koma barni að á neyðarvistun en stundum þarf að finna lausnir á samspili innritana og útskrifta barna.

- **Blönduhlíð (meðferð fyrir börn)**

4 börn eru að bíða eftir plássi en þau munu öll innritast í meðferð fyrir ágústlok. Starf Blönduhlíðar er komið vel af stað og er pláss fyrir 6 börn í meðferð á hverjum tíma.

- **Bjargey (meðferð fyrir stúlkur og stálp)**

Eins og staðan er núna þá er ekkert barn að bíða eftir plássi á Bjargey. Starfið þar gengur mjög vel og þar er pláss fyrir 6 börn í meðferð.¹¹

- **Fóstur (tímabundið, langtíma og styrkt fóstur)**

Á hverju ári er sótt um fóstur fyrir u.þ.b. 140 börn. Fjöldi umsókna milli ára er mismunandi en er yfirleitt u.þ.b. 80 – 90 umsóknir fyrir börn í tímabundið fóstur, 10 – 20 í varanlegt fóstur og 30 – 50 í styrkt fóstur.¹² Eins og staðan er í dag þá eru 31 barn að bíða eftir fósturheimili. Biðtíminn er mislangur allt frá nýkomnum beiðnum til nokkurra vikna. Átján börn eru að bíða eftir tímabundnu fóstri, átta börn eftir varanlegu fóstri og fimm börn eftir styrktu fóstri.¹³

3.3 Gögn lögreglu (LÖKE)¹⁴

Gögn lögreglu sýna að fjöldi barna sem grunuð eru um ofbeldisbrot er nú hærri en nokkru sinni sé litið til síðustu 15 ára. Ítrekunartíðni hefur tvöfaldast frá 2007. Hluti barnanna kemur þannig oft við sögu í alvarlegum brotum, sem bendir til þess að sértæk íhlutun gagnvart þessum hópi geti skilað mestum árangri. Á

¹¹ Barna- og fjölskyldustofa (2025). Samantekt biðlista yfir meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu 25. júní 2025.


¹² Barna- og fjölskyldustofa (2024). Ársskýrsla BOFS 2022-2023. Sótt af https://assets.ctfassets.net/8k0h54ke6bj/6CBjVRU3zmnEfgumcFtboG/7cf85c28046afabdb6d333e8fbb8a0d5/A_rssky_rsla_BOFS_2022_-_2023.pdf

¹³ Barna- og fjölskyldustofa (2025). Samantekt biðlista yfir meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu 25. júní 2025.

¹⁴ Lögreglan skráir allar tilkynningar sem berast til lögreglunnar í LÖKE, málaskrá lögreglunnar, sem ríkislögreglustjóri rekur. Uppbygging málaskrár hefur byggt á skráningu og meðferð máls gagnvart sakborningi, en unnið hefur verið að því að bæta skráningu brotþola og aukaaðila máls. Hægt er að kalla fram m.a. upplýsingar um aldur og kyn sakborninga, tegund afbrota, staðsetningu og tímasetningu brots, breytingu brota á milli tímabila og vettvang brots. Ríkislögreglustjóri birtir árlega afbrotatölfræði á landsvísi. Einnig hafa reglulega verið birtar upplýsingar um heimilisofbeldi, manndráp og kynferðisbrot tilkynnt til lögreglu.


sama tíma kemur sífellt stærri hópur yngri barna við sögu og kynjahlutföll og samfélagslegur bakgrunnur barna sem tengjast þessum brotum er að breytast.

Tekin voru saman gögn um börn á aldrinum 10-17 ára sem skráð voru í málaskrá lögreglu vegna ofbeldisbrota skv. XX. kafla almennra hegningarlaga („Manndráp og líkamsmeiðingar“) í júní 2025. Árin 2024 og 2023 voru skráð 213 slík brot hvort ár, sem jafngildir 5,5 og 5,6 brotum á hverja 10.000 íbúa í aldurshópnum. Þetta er hæsta hlutfall síðan mælingar hófust árið 2007.



Mynd 2. Fjöldi ofbeldisbrota árin 2007-2024 þar sem barn (undir 18 ára) er grunað og brot á hverja 10 þúsund íbúa. Heimild: Ríkislögreglustjóri.


Fjöldi grunaðra barna og hlutfall af íbúafjölda hefur fylgt svipuðu mynstri. Alls voru 186 börn grunuð um ofbeldisbrot árið 2007. Eftir fækkun niður í 72 einstaklinga árið 2012 hefur fjöldinn vaxið ár frá ári og var 213 árið 2024. Það jafngildir 0,54% af öllum börnum í aldurshópnum, eða hæsta hlutfall frá 2007.



Mynd 3. Fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 og hlutfall af íbúafjölda ungmenna á aldrinum 10-17 ára.
Heimild: Ríkislögreglustjóri.


3.3.1 Flokkun eftir tegund brota og alvarleika

Þegar brotin eru flokkuð eftir ákvæðum hegningarlaga kemur í ljós að 78% málanna voru minniháttar líkamsárásir (217. gr.) og 18% eru meiriháttar/stórfelldar líkamsárásir (218. gr.). Önnur brot, svo sem líkamsmeiðingar af gáleysi, eru afar fátíð.



Mynd 4. Fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 eftir tegund líkamsárásar. Heimild: Ríkislögreglustjóri.

Fjöldi barna sem tengjast meiriháttar brotum hefur einnig aukist þegar tekið er mið af íbúafjölda. Hlutfallið náði hámarki árið 2023 og lækkaði lítilega árið 2024, en er áfram marktækt hærra en við upphaf mælinga árið 2007.




Mynd 5. Aldur og fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 í meiriháttar/stórfelldum líkamsárásum 2007-2023. Heimild: Ríkislögreglustjóri.

Munur á tölum um fjölda brota og fjölda barna skýrist af því að stundum geta fleiri en einn grunaður verið um sama ofbeldisatvik, þar sem margir ráðast að einum eða fleirum. Árið 2023 voru 18 mál þar sem 3 eða fleiri voru grunaðir um eitt og sama brotið og í 4 málum voru 5 eða fleiri grunaðir vegna sama atviks. Árið 2024 voru 21 mál þar sem 3 eða fleiri eru grunaðir um eitt og sama brotið, og einnig í 4 málum eru 5 eða fleiri grunaðir vegna sama atviks.

3.3.2 Ítrekunartíðni og áhættuhópar

Lítill hluti einstaklinga getur staðið fyrir stórum hluta alvarlegra brota. Að draga úr ítrekun þeirra getur því skilað hlutfallslega mikilli lækkun á heildarbrotatíðni. Hlutfall barna sem koma ítrekað við sögu í gögnum lögreglu hefur tvöfaldast frá 2007. Þegar ítrekunartíðni ofbeldisbrota barna er skoðuð árin 2007, 2015, 2023 og 2024 má sjá að hún er hærri árið 2023 og 2024 þegar hún er yfir 20% en var 11% árið 2007 og 14% árið 2015.



Mynd 6. Ítrekun ungmenna barna undir 18 ára í ofbeldisbrotum. Heimild: Ríkislögreglustjóri.


Þegar árin 2023 og 2024 eru skoðuð frekar hvað varðar ítrekunartíðni, þá fækkar hlutfallslega þeim sem koma tvisvar eða oftár við sögu hjá lögreglunni, en fleiri börn koma við sögu í einu broti. Þegar skoðað er hvort afskipti lögreglu leiði til þess að börn hætti brotahegðun, þarf að fylgjast með endurkomu í kerfið og þróun á hegðun til lengri tíma. Nauðsynlegt er að byggja upp mælikvarða sem ná yfir slíkt mat.

Tafla 6. Ítrekunartíðni barna, fjöldi barna og hlutfall af heild. Heimild: Ríkislögreglustjóri.

Ítrekunartíðni barna, fjöldi ungmenna og hlutfall af heild:								
	2007	2007 (%)	2015	2015 (%)	2023	2023 (%)	2024	2024 (%)
1 brot	165	89%	83	86%	143	76%	169	79%
2-3 brot	20	10,8%	14	14,4%	33	17,5%	37	17%
Meira en 3 brot	1	0,5%	0	0,0%	13	6,9%	7	3,3%
Samtals	186	100%	97	100%	189	100%	213	100%


3.3.3 Aldur, kyn og bakgrunnur grunaðra

Gögnin sýna að aldur barna sem tengjast ofbeldisbrotum hefur lækkað. Frá árinu 2021 hefur fjöldi barna á aldrinum 10-12 ára sem tengjast ofbeldisbrotum margfaldast: Voru þau að meðaltali fimm á ári 2007-2020 en 29 árið 2024. Á sama tíma fjölgaði einnig börnum á aldrinum 13-15 ára, en fækkun varð í elsta aldurshópnum (16-17 ára). Breytingin getur að hluta til skýrst af breyttri skráningu og ferlum en einnig mögulega til vaxandi vandamála sem krefjast viðeigandi íhlutunnar.



Mynd 7. Aldur og fjöldi barna undir 18 ára sem skráð voru vegna gruns um ofbeldisbrot árin 2007-2024 í meiriháttar/stórfelldum líkamsárásum 2007-2023. Heimild: Ríkislögreglustjóri.


Kynjahlutföll hafa einnig breyst. Árið 2024 voru 84% grunaðra barna drengir og 16% stúlkur, en á fyrstu fimm mánuðum ársins 2025 hafði hlutfall stúlkna hækkað í 29%, sem er það hæsta sem mælt hefur frá árinu 2007.



Mynd 8. Hlutfallsleg skipting kyns barna sem eru grunuð um ofbeldisbrot á árunum 2007-2024. Heimild: Ríkislögreglustjóri.

Hlutfall grunaðra barna með erlendan bakgrunn hefur hækkað og mældist 19% árið 2024, samanborið við lægra hlutfall á fyrri árum. Slíkt endurspeglar breytta samsetningu þjóðarinnar en samhliða sýna niðurstöður ÍÆ, eins og fram kom í kafla 3.1, að þessi börn eru líklegri til að koma við sögu í slagsmálum og upplifa sig síður örugg í nærumhverfinu en jafnaldrar með íslenskan bakgrunn.

Börn sem koma við sögu í ofbeldisbrotum, skipting eftir ríkisfangi



Mynd 9. Hlutfall barna skipting eftir ríkisfangi sem eru grunuð um ofbeldisbrot á árunum 2007-2024. Heimild: Ríkislögreglustjóri.

4. Helstu áskoranir og lærdómur

Stöðumat á innleiðingu aðgerðaáætlunar stjórnvalda hefur leitt í ljós ýmsar áskoranir sem varða bæði framkvæmd einstakra aðgerða og samhæfingu milli kerfa. Þótt þróun verklags og samráð hafi tekið framförum á mörgum sviðum, eru nokkur meginatriði sem kalla á frekari úrbætur:

- **Fjölgun endurtekinna tilvika og ítrekun** brota bendir til þess að núverandi úrræði nái ekki nægjanlega til barna með flókinn vanda eða að íhlutun komi of seint.
- **Skortur á samræmdu verklagi** þegar börn brjóta af sér dregur úr skilvirkni kerfa sem getur leitt til misræmis í viðbrögðum, einkum þegar mörk liggja milli sakhæfs og ósakhæfs aldurs.
- **Gagnaöflun og skráning** er ósamræmd milli stofnana og skortir einkum gögn frá heilbrigðis- og félagskerfi til að meta þróun mála og áhrif inngripa með nægjanlegri nákvæmni.
- **Breytt birtingarmynd ofbeldis** þar sem fleiri yngri börn, stúlkur og börn með erlendan bakgrunn koma við sögu krefst viðeigandi aðlögunar í þjónustu og menningarnæmra úrræða.
- **Ófullnægjandi nýting á samþættingu þjónustu**, þrátt fyrir lagagrundvöll, einkum þegar um er að ræða börn sem eru bæði gerendur og þolendur og falla undir tilkynningarskyldu til barnaverndar.
- **Ytri atvik** á borð við bruna og húsnæðisvanda hafa tafið innleiðingu mikilvægra meðferðarúrræða og undirstrika mikilvægi sveigjanleika í framkvæmd.

Lærdómurinn er skýr: snemmtæk inngrip, eftirfylgni og skýr verkaskipting milli kerfa er grundvöllur árangurs. Þá þarf sérstaklega að tryggja að öll börn, óháð bakgrunni eða aðstæðum, eigi aðgengi að þjónustu sem mætir þörfum þeirra með heildstæðum hætti.

5. Lokaorð og næstu skref

Stöðumat þetta veitir mikilvæga sýn á stöðu aðgerða stjórnvalda gegn ofbeldi meðal og gegn börnum á fyrstu níu mánuðum frá samþykkt áætlunarinnar. Þótt hluti aðgerða sé enn í undirbúningi má greina skýrar breytingar í áherslum, samráði og verklagi. Gögn gefa hins vegar tilefni til aðgerða hvað varðar ítrekun brota, þróun nýrra hópa barna sem tengjast ofbeldismálum og takmarkaða nýtingu samþættrar þjónustu.

Næstu skref fela í sér styrkingu lykilþátta innleiðingar. Forgangsröðin næstu mánaða verður að bæta samhæfingu gagnasöfnunar á milli kerfa, greina betur þróun ítrekunar og alvarleika brota, hraða vinnu við sértæk úrræði fyrir börn sem beita ofbeldi og tryggja virkni svæðisbundins samráðs. Þá þarf að greina langtímaáhrif íhlutunar með tilliti til endurkomutíðni og hegðunarþróunar til framtíðar, auk þess sem mælikvarðar um upplifun barna af úrræðum verða þróaðir.

Frekara stöðumat verður lagt fram í september 2025 og mun byggja á nýjustu gögnum og reynslu af framkvæmd aðgerða sumarið 2025.

